





Grunnmynd
Mkv. 1:100




Snið A-A
Mkv. 1:100




Útlit Vestur
Mkv. 1:100




Útlit Austur
Mkv. 1:100



Útlit Suður
Mkv. 1:100



Útlit Norður
Mkv. 1:100



Afstöðumynd
Mkv. 1:500

Byggingarlýsing / Greinagerð hönnuðar:

Vatnsendablettur Gilsbakki

Landnúmer: L116542
Staðgreinir: 1000-1-99200031

Um er að ræða byggingu á íbúðarhúsi innan lóðarinnar Gilsbakka í landi Kópavogsbæjar.
Byggingin er skráð sem matshluti 02, því fyrir er á lóðinni einbýlishús sem er þá matshluti 01.
Stærð lóðarinnar er 3000 m2.

Byggingin er hönnuð samkvæmt byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Byggingin er í notkunarflokki 3, skv. byggingarreglugerð.

HELSTU STÆRÐIR :

Mhl 01:
Fjöldi hæða: 1 hæð
Flatarmál húss (brúttó): 175,7 m²

Mhl 02:
Fjöldi hæða: 1 hæð
Flatarmál húss (brúttó): 106,9 m²
Rúmmál húss (brúttó): 339,5 m³

STÆRÐ LÓÐAR:

Vatnsendablettur Gilsbakki 3.000 m²

Nýtingarhlutfall: 282,6/3000 = 0,094

Fjöldi bílastæða: 4 stk.
Þar af stæði fyrir hreyfihamlaða 1 stk.

Gert er ráð fyrir möguleika á rafhleðslu við eitt bílastæði.

BURÐARKERFI:
Húsið er grundað á fyllingu.
Undirstöður og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrun er innan á sökkulveggjum og undir botnplötu nota skal 100mm plasteinangrun 24 kg/m3.
Útveggir eru hefðbundnir timburveggir. Útveggjagrindur eru 45x145 klæddar með 9 mm krossviði. Að utan komi loftunarlistar 20 mm og timburklæðning. Að innan komi rakavörn, lagnagrind og klæðning í flokki 2. Einangrun í útveggjum er 150 mm steinull. Loftbil bakvið klæðningu skal minnst vera 20 mm skv. grein 10.5.5 í byggingarreglugerð 112/2012.
Þak er hefðbundið timburþak með lágmarkshalla 1:40. Sperrur eru 45x220, loftungrind 45x95c600, 25 mm borðaklæðing, ábreddur þakpappi. Að innan komi rakavörn, lagnagrind og klæðning í flokki 2. Einangrun í þaki er 200 mm steinull. Loftbil skal minnst vera 25 mm yfir allri einangrun og loftbil inn og út úr hverju loftbili skal minnst vera 1000 m² fyrir hvern m² þakflatar skv. grein 10.5.5 í byggingarreglugerð 112/2012.

KLÆÐNINGAR:
Útveggir eru klæddir með standandi timburklæðningu í flokki 2.
Þak er með ábreddum 2.laga þakpappa, fyrra lagið af pappa er skrúfað í þakklæðningu og brett saman á samskeytum. Seinna lagið er heilbrætt við fyrra lagið.
Gluggar og hurðir eru úr timbri með álkápu. Í öllum gluggum verði tvöfalt k-gler (einangrunargler).

MISHÆÐIR:
Gera skal viðeigandi ráðstafanir þar sem mishæðir myndast í lóð, sérstaklega þar sem pallar mæta landslagi í lóð.

EINANGRUN:

	Raungildi	Krafa
Gólf	0,20 w/m²K	0,20 w/m²K
Útveggir	0,28 w/m²K	0,30 w/m²K
Útveggir, vegið meðaltal	0,64 w/m²K	0,85 w/m²K
Gler og karmar	1,50 w/m²K	2,00 w/m²K
Hurðir	1,50 w/m²K	3,00 w/m²K
Þak	0,20 w/m²K	0,20 w/m²K

Leiðnitap fyrir hverja °C á fermetra gólfflatar er: 0,62 W/m²°C

INNVEGGIR OG INNIHURÐIR:
Léttir innveggir eru byggðir upp úr 45x95 timburgrindum. Klæðning í flokki 2. Einangrun í innveggjum er 100 mm steinull.
Veggir í votrýmum skulu klæddir með votrúmsgifsi og rakavarðir með kvoðu í og við baðrými, undir gifsklæðningu skal klæða með krossviði eða víroc plötum til að fá nægja festu fyrir ýmsan búnað seinna meir ef með þarf.

KERFISLOFT OG KERFISGÓLF:
Í byggingunni eru engin kerfisloft né kerfisgólf.

LAGNALEIÐIR, UPPHITUN OG LOFTRÆSING:
Lagnir
Inntök lagna eru í geymslu.

Fráveitukerfi hússins einfalt kerfi fyrir skólp sem leitt verður í rotþró. Stofnlagnir fyrir þrifa, neysluvatns, hita eru lagðar í eða undir gólfplötu. Upphitun hússins verður með gólfhita. Innan rýma eru neyslu- og hitalagnir staðsettar á veggjum og í gólfplötu. Þar sem lagnir ganga í gegnum veggja eða hæðaskil skal gæta þess að rýra ekki bruna eða hljóðkröfur á milli byggingarhluta.
Setja skal blöndunarloka á neysluvatn sem takmarkar hitastig þess við 65°c. Hámarkshitastig við töppunarstað handlauga er 43°c.
Nota skal viðkennd og vottuð lagnaefni sem uppfylla ýtrustu kröfur skv. gildandi stöðlum og reglugerðum.
Rafkerfi
Byggingin er með hefðbundunum smá og lágspennukerfum. Inntaksrými raflagna er í geymslu , stofnlagnir liggja í plötum.
Lagnaleiðir utanhúss verða plastlagnir í jörðu og verða þær samræmdar þannig að lagnaleiðir rafkerfa fylgja lögnum annarra kerfa þar sem því verður við komið. Tryggðar verða lagnaleiðir frá byggingu að möguleg um hleðslustöðvum fyrir rafbíla.
Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin loftlýsing og lampar valdir í samræmi við notkun rýmis.
Loftræsing
Setja skal fersloftsventil í vegg í alrými og á gangi önnur rými sem merkt eru með LR skal loftræsa skal með vélrænni loftræsingu.

BRUNAVARNIR OG FLÓTTALEIÐIR:
Klæðning íbúðar er í flokki 2.
Gólfefni í flokki G.
Utanhússklæðningar eru í flokki 2.
Þakklæðning er í flokki B (roof) (t2).
Björgunarop eru í hverju svefnherbergi, 2 óháðar flóttaleiðir.
Fram kemur á teikningum hvar reykskynjarar, slökkvitæki og björgunarop eru staðsett.

Breidd björgunaropa skal vera minnst 0,60 m og hæð minnst 0,90 m. Samanlögð hæð og breidd glugganns skal ekki vera minni en 1,5 mm.

Frágangur eldstæðis og reykháfs skal vera skv. gr. 9.6.5 og 9.6.6 í byggingarreglugerð 112/2012.

HLJÓÐVISTARKRÖFUR:
Hljóvistarkröfur fyrir milliveggi, útveggi og þak eru uppfylltar með steinullareinangrun og klæðningum í loftum og léttum vegg.

ÖRYGGISBÚNAÐUR:
Öryggisgler er í öllum gólfsíðum gluggum og eru þeir merktir á teikningu með ÖG. Eldvarnarteppi er við eldavél. Setja skal upp læstan lyfjaskáp.

TÆKNIBÚNAÐUR:
Allar rafdrifnar hurðir skulu vera búnar öryggisbúnaði í samræmi við kröfur byggingareglugerðar.

AÐGENGI OG ALGILD HÖNNUN:
Útidyrahurðir sem og inngangshurðir eru a.m.k 0,9 x 2,1m. Þröskuldar og hæðarmunur við inngangshurðir er hvergi meira en 25mm.

FRÁGANGUR LÓÐAR:
Gert ráð fyrir sérmerktu bílastæði fyrir hreyfihamlaða en hægt er að koma sliku stæði fyrir hvar sem er innan lóðar með einföldum hætti, enda eru allar hæðir að aðkoma hugsuð með tilliti til þess. Lóð við inngang skal hæðarsett þannig að aðgengi frá bílastæðum að inngangi sé hindrunarlaust.
Virða skal fjarlægðir að lóðamörkum og öðrum byggingum. Gæta skal að mishæðum í lóð og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem fallhætta myndast.

MEÐHÖNDLUN SORPS:
Sorpgeymsla skal vera innan lóðar, með viðeigandi fjölda íláta í samræmi við kröfur sveitarfélagsins.

SÉRTÆKAR AÐGERÐIR:
Ekki er um að ræða neinar sértækar aðgerðir.

Gólfniðurföll skulu vera í þvottahúsi, baðherbergjum og bílageymslu.

GN	Gólfniðurfall
ÞN	þakniðurfall
BO	Björgunarop
LR	Loftræsing
HSL	Handslökkvitæki
ÖG	Öryggisgler í gólfsíðum gluggum og glerhurðum
R	Reykskynjari
⇐	Rýmingarleið
0101	Rýmisnúmer fyrir skráningartöflu

Öll mál eru í mm. Kótar eru í m.
Mál á afstöðumynd er í m.

Öll efni og vinna skal vera í samræmi við veiðeigandi ÍST staðla og reglugerðir um brunavarnir og hljóðvist.

5		
4		
3		
2		
Útgáfa:		Dags.

ÍBÚÐARHÚS

Vatnsendablettur Gilsbakki, Kópavogi

Aðaluppdrættir

Fyrir grenndarkynningu

-

Hannað: GSS
Mkv: 1:100
Stærð: A1
Dags: 14.12.2022

Undirskrift hönnuðar:
Guðni Sigurbjörn Sigurðsson
Kt: 250582-4479

RISS VERKFRÆÐISTOFA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbær / 421-3550 / www.riss.is

Teikning nr: A100
Útgáfa nr: 1

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI